

## Tillaga til þingsályktunar

### um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 293/2015 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 293/2015, frá 30. október 2015, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinnna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

#### 1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 293/2015, frá 30. október 2015, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinnna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB kveður einkum á um ársreikninga og samstæðureikninga félaga af tiltekinni gerð.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

#### 2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr.

stjórnarskrárinnar að afla þess samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en jafnframt getur Alþingi heimilað stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áður nefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhöfum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir og 7. mgr. 45. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, sem kveður á um að stjórnskipulegum fyrirvara skv. 103. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið beri að aflétta með þingsályktun, er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

### **3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE.**

Tilskipunin fjallar um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð og fellir úr gildi ársreikninga-tilskipun ESB til margra ára 78/660/EBE. Einnig tekur nýja tilskipunin til reglna um samstæðureikninga sem áður var að finna í tilskipun ESB 86/349/EBE. Er því komin ein tilskipun sem fjallar um ársreikninga og samstæðureikninga félaga af tiltekinni gerð. Markmiðið með tilskipuninni er m.a. að draga úr umsýslukostnaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja, bæta viðskiptaumhverfi fyrirtækja og auka gæði og samþættingu birtra upplýsinga.

### **4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.**

Innleiðing reglugerðarinnar hér á landi kallar á breytingar á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur lagt fram frumvarp til breytinga á framangreindum lögum á yfirstandandi þingi.

**Fylgiskjal I.****ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 293/2015****frá 30. október 2015****um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE <sup>(1)</sup>.
- 2) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2013/34/ESB falla úr gildi fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE <sup>(2)</sup> og sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE <sup>(3)</sup>, en þær gerðir hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella þær úr EES-samningnum.
- 3) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XXII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 10f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB):

„eins og henni var breytt með:

- **32013 L 0034:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 (Stjtið. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).“

2. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 10h (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/17/ESB):

„10i. **32013 L 0034:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtið. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1.

- a) Þegar innlendum gjaldmiði er skipt í evrur, að því er varðar Ísland og Noreg, skal nota það gengi sem seðlabanki, sem er ábyrgur fyrir innlenda gjaldmiðlinum, birtir.
- b) Eftirfarandi bætist við í I. viðauka:
- „– Ísland:  
hlutafélag, einkahlutafélag,
  - Liechtenstein:  
die Aktiengesellschaft, die Gesellschaft mit beschränkter Haftung, die Kommanditaktiengesellschaft,
  - Noregur:  
aksjeselskap, almennaksjeselskap.“
- c) Eftirfarandi bætist við í II. viðauka:
- „– Ísland:  
sameignarfélag, samlagsfélag,
  - Liechtenstein:  
die Kollektivgesellschaft, die Kommanditgesellschaft,
  - Noregur:  
partrederi, ansvarlig selskap, kommandittselskap.““
3. Texti 4. liðar (fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE) og 6. liðar (sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE) falli brott.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2013/34/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. október 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Sletnes***

formaður.

**Fylgiskjal II.**

**Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE.**

[www.althingi.is/alttext/pdf/145/fylgiskjol/s1110-f\\_II.pdf](http://www.althingi.is/alttext/pdf/145/fylgiskjol/s1110-f_II.pdf)